

Fundur Öldungaráðs 6. júlí 2021 kl. 14:30

Mættir:

Valgerður Sigurðardóttir form, Gylfi Ingvarsson, Þórdís B. Kristinsdóttir, Guðlaug Steinsdóttir, Þórarinn Þórhallsson, Magnús Pálsson Sigurðsson og Elísabet Valgeirsdóttir

Guðlaug Steinsdóttir og Þórarinn Þórhallsson boðuðu forföll

Ritari: Herdís Hjörleifsdóttir, félagsráðgjafi

Fjarverandi:

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

- Fundargerð lesin og samþykkt.

2. Umsögn

- **Umsögn vegna starfsleyfis Hópbíla um ferðþjónustu fatlaðra.**

„Eftirfarandi beiðni barst Öldungaráði Hafnarfjarðar frá Sigríði Matthildi Guðjohnsen, verkefnastjóri Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar vegna akstursþjónustu við fatlað fólk.

Þann 24. september 2020 barst Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar umsókn frá Hópbílum ehf. Umsóknin er lögð fram skv. 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Sótt er um starfsleyfi til að reka akstursþjónustu fyrir fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu.

Hópbílar ehf. sinnir akstri fyrir Strætó bs. á höfuðborgarsvæðinu. Þjónustan fer fram mánudaga til fimmtudaga frá kl. 06:30 – 24:00, föstudaga 06:30 – 01, laugardaga 08 – 01 og sunnudaga 09-24. Á stórhátíðardögum er ekið eins og á sunnudögum en á aðfanga- og gamlárstag er akstur til kl. 22.

Gögn sem GEF tók mið af við vinnslu umsóknar Hópbíla ehf.

- Sakavottorði forsvarsmanns
- Ársreikningi 2020.
- Upplýsingum um aksturstaeki sem notuð eru við þjónustu.
- Fjöldi starfsfólks.
- Áhættumati
- Samþykkt félags
- Handbók félagsins um umhverfis- og öryggismál (Gæðahandbók).

Miðað við þau gögn sem aflað var er það mat Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar að umsækjandi uppfylli skilyrði til að reka akstursþjónustu. Í samræmi við það er nú fyrirhuguð útgáfa starfsleyfis fyrir starfsemina til þriggja ára.



HAFNARFJÖRÐUR

Samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 1320/2020 skal afla umsagnar notendaráðs í því sveitarfélagi þar sem starfsemin mun fara fram um fyrirhugaða afgreiðsluumsóknar um starfsleyfi. Notendaráð skal veita skriflega umsögn um umsóknina skv. lögum nr. 40/1991 og reglugerð nr. 1320/2020.

Í samræmi við það er nú óskað eftir umsögn notendaráðs Hafnarfjarðar. Umsögnin skal byggja á málefnalegum rökum. Æskilegt er að fulltrúar þeirra notenda þjónustunnar sem helst koma til með að nýta sér þjónustu umsækjenda skipi notendaráðið, sé það mögulegt.

Umsögn notendaráðs skal send Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar innan fjögurra vikna frá því tilkynning um fyrirhugaða afgreiðslu á umsókn var send notendaráði.

Samkvæmt því rennur umsagnarfrestur út þann 21. júlí nk.

Með kveðja,
Sigríður“

Umsögn Öldungaráðs:

Á forsendum ofangreinds gefur Öldungaráð Hópbílum jákvæða umsögn.

3. Önnur mál:

- Öldungaráð brýnir og ítrekar að heimasíða Hafnarfjarðar verði endurskoðuð og einfölduð með tilliti til málefni eldri borgara.
- Einnig er lögð áhersla á að í þjónustuveri sér starfsmaður sem er með sérþekkingu á málefnum eldri borgara.
- Brýnt er að fundargerðir ráðsins birtist á heimasíðu Hafnarfjarðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:50